



Reykjavík, 4. mars 2021  
R20020112  
6631  
mmk

## Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Laugardalur - austurhluti - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 4. mars 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 25. febrúar 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 24. febrúar 2021 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Laugardals, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja áherslu á að Laugardalurinn fái að vera í friði fyrir íbúðaáformum, hvort sem um er að ræða smáhýsi eða stórhýsi.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokkssins lagði fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Miðflokkssins hefur frá upphafi talað fyrir því að Reykjavíkurborg myndi taka á leigu/kaupa hótel eða gistiheimili fyrir þennan hótum sem á svo mjög um sárt að binda í borginni. Nú hefur að einhverju leyti verið orðið við því og er það gleðiefni. Aukafundur var haldinn í borgarráði sumarið 2018 til að ræða neyðarástand heimilislausra í Reykjavík þar sem aðgerða var krafist strax í málaflokknum. Svar borgarstjóra og meirihlutans var að kaupa 20 smáhýsi án útboðs. Til stóð að kaupa 25 smáhýsi en þeim fækkaði „í sjó“. Allt í kringum smáhýsin er flopp. Kostnaður við húsin hleypur á hundruðum milljóna og var óskiljanleg ráðstöfun á sínum tíma. Margt þarf að skoða í sambandi við þá ákvörðun, útboði sem ekki var tekið, komu húsanna til landsins og frágangi þeirra á lóðir. Fermetraverð smáhýsanna losar 1,5 milljón miðað við kostnaðaráætlun en nú er þegar ljóst að kostnaðurinn er farinn úr böndunum. Er það á pari við fermetraverð dýrustu lúxus íbúða í Reykjavík.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er afar mikilvægt að íbúar og aðrir í hverfinu, þ.m.t. íþróttafélögin, fái góða og ítarlega upplýsingagjöf og fraðslu um þau úrræði sem koma á upp í hverfinu. Fundir eru best fallnir til þess því á þeim er hægt að ræða saman maður við mann, skiptast á skoðunum og umfram allt útskýra í hverju úrræðið felst, hvernig það kemur til með að líta út, hver verður umgjörðin og eftiryflynin með því eins og í tilfelli þessa úrræðis sem hér um ræðir. Ef litið er yfir athugasemdir í þessu máli má sjá að þær kjarnast nokkuð í því að fólk finnst úrræðið enn nokkuð óljóst.



Helga Björk Laxdal  
e.u.